

Alþingi
Erindi nr. P 137/67
komudagur 3.6.2009



LANDSSAMBAND
ÍSLENSKRA
ÚTVEGSMANNA

Borgartúni 35
105 Reykjavík
Sími: 591 0300
Fax: 591 0301
www.liu.is

Alþingi - Sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd
Aðalstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 3. júní 2009
Mál nr. 0905007

Efni: Umsögn um strandveiðar ofl., 34. mál.

Sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd Alþingis hefur óskað eftir umsögn Landssambands íslenskra útvegsmanna um frumvarp til laga um stjórn fiskveiða, 34. mál, frístundaveiðar, handfæraveiðar o.fl.

Þetta frumvarp byggir að hluta til á frumvarpi til laga um stjórn fiskveiða sem lagt var fram á síðasta þingi, sbr. þingskjal nr. 725 - 429. mál. Með frumvarpinu er meðal annars lagt til að settar verði reglur um frístundaveiðar ferðaþjónustuaðila og frjálsar handfæraveiðar eða svokallaðar strandveiðar.

Í stuttu máli þá líst samtökunum afar illa á þá breytingu sem lögð er til með svokölluðum strandveiðum í ákvæði til bráðabirgða I.

Markmið laga um stjórn fiskveiða nr. 116/2006 er að stuðla að verndun og hagkvæmri nýtingu nytjastofna á Íslandsmiðum og tryggja með því trausta atvinnu og byggð í landinu. Á þessum grunni hafa verið settar takmarkanir á nýtingu nytjastofna í formi aflaheimilda sem aðilar í sjávarútvegi hafa keypt til að treysta rekstur sinn og tryggja nýtingu fiskveiðiauðlindarinnar.

Með því að leyfa svokallaðar strandveiðar, án þess að afli reiknist til aflamarks eða krókaaflamarks er verið með beinum hætti að mismuna gagnvart þeim aðilum sem hafa keypt aflaheimildir.

Þetta lagafrumvarp kemur til viðbótar því að stór hluti aflaheimilda hefur verið fluttur til svokallaðra smábáta á undanförunum árum með breytingum á fiskveiðistjórnunarkerfinu. Hægt er að leggja fram dæmi um aðila sem hafa selt tvisvar og þrisvar sinnum þá aflahlutdeild sem þeir hafa fengið og tekin hefur verið af litlum og stórum skipum. Þarna er opnað enn einu sinni fyrir þessa aðila.

Í greinargerð með ákvæði til bráðabirgða I, kemur fram að veiðiheimildir verða teknar af útgerðum í ákveðnum byggðarlögum og færðar á þennan „sérstaka“ flokk báta sem að hluta til verða gerðir út í sömu byggðarlögum. Þetta rýrir tekjur útgerða, sjómanna og fiskvinnslufólks sem hafa allar tekjur sínar af sjómennsku og fiskvinnslu.

Strandveiðar munu ekki styrkja byggð eða treysta atvinnu í sjávarbyggðum, þær hafa þveröfug áhrif. Fyrirtæki þurfa hráefni allt árið um kring, en þessar strandveiðar geta ekki stuðlað að öruggum eða arðbærum rekstri þar sem skammtímasjónarmið ráða. Við þetta má bæta að gæðum hráefnis verður í einhverjum tilfellum ábótavant og þá er rangt að beina veiðinni á sumartímann og á grunnslóðina þar sem smærri fiskur heldur sig.

Frjálsar handfæraveiðar byggja á kapphlaupi á miðin, fyrstur kemur fyrstur fær þangað til að potturinn verður búinn. Slæm reynsla af slíkum kerfum um heiminn, en þau leiða til offjárfestingar og ofveiði. Þessi lagabreyting felur í sér sóun á takmarkaðri auðlind. Hún leiðir til fjárfestingar í bátum og búnaði sem engin þörf er fyrir enda nægjanleg afkastageta fyrir í flotanum.

Veiðarnar vinna jafnframt gegn öryggi sjómanna, en búast má við að róið verði í verri veðrum og menn freistist til að fresta eðlilegu viðhaldi á búnaði um borð. Ábyrgar veiðar og öflugt forvarnarnstarf aðila í sjávarútvegi hefur stuðlað að fækkun slysa á sjó, en árið 2008 var fyrsta árið í sögunni þar sem ekkert banaslys var til sjós.

Svokallaðar strandveiðar kalla á mikið opinbert eftirlit og aukinn kostnað og bjóða upp á misferli og misnotkun. Hætt er við að aflamarks- og krókaaflamarksbátar landi í strandveiðibáta eins og gert var í sóknardagakerfinu sem var lagt af fyrir mörgum árum.

Nú þegar liggur fyrir að ásókn verður umfram þær veiðiheimildir sem ætlaðar eru nú í þessar strandveiðar. Þrýstingur verður á stjórnvöld um að auka það sem tekið verður í þennan „pott“ þegar á líður sumar og kerfið springur. Sagan er ólygnust um að ekki hefur verið staðið á móti þessum þrýsting á kostnað ábyrgra og sjálfbærra veiða. Pottum hefur alltaf verið úthlutað eftir veiðireynslu og því hafa menn keppt við að afla sér hennar.

Þessi lagabreyting gengur þvert á það markmið að þeir sem stunda íslenskan sjávarútveg beri ábyrgð á rekstri og ákvörðunum sínum. Enn á að taka aflaheimildir af þeim sem hafa keypt sínar aflaheimildir og dregið úr veiðum til að byggja upp fiskistofna. Þannig vinna tillögurnar gegn markmiðum um sjálfbæran og arðbæran sjávarútveg, sem eru markmið laga um stjórn fiskveiða nr. 116/2006.

Við óskum þess því eindregið að ákvæði til bráðabirgða I verði fellt út úr frumvarpinu.


Varðandi frístundaveiðarnar sbr. 2. gr. frumvarpsins, þá kemur fram í greinargerð með frumvarpinu að við samningu þess hafi að miklu leyti verið tekið mið af niðurstöðum og tillögum starfshóps sem sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra hafi skipað á árinu 2008 til að fara yfir starfsumhverfi svokallaðra frístundabáta. Í þeim starfshópi áttu hvorki útvegsmenn, sjómenn né aðrir þeir sem hagsmuna eiga að gæta í sjávarútvegi sæti og fengum við þannig ekki tækifæri til að koma sjónarmiðum okkar á framfæri.

Við teljum mikilvægt að um svokallaðar frístundaveiðar gildi skýr lög. Það er sanngirnismál að þeir sem gera út í atvinnuskyni sitji við sama borð, hvort sem þeir gera út á ferðamenn eða stunda hefðbundnar fiskveiðar. Við leggjum því áherslu á að

um þessa útgerð gildi allar sömu grundvallarreglur og um aðra útgerð, þ.m.t. að þessar útgerðir allar hafi aflamark/krókaafلامark fyrir þeim afla sem skip þeirra bera að landi.

Lagt er til að í 1. málslíð 1. mgr. 2. greinar frumvarpsins verði tekið fram að frístundaveiðar taki aðeins til íslenskra ríkisborgara og að málslíðurinn orðist því þannig: „Heimilt er íslenskum ríkisborgurum án sérstaks leyfis að stunda fiskveiðar í frístundum til eigin neyslu.”

Virðingarfyllst,



Friðrik Friðriksson, hdl.